

Landsyfirrjettardómar 1897.

Mánudaginn 18. janúarmánaðar.

Nr. 39/1896:

Rjettvísinn

gegn

Pjetri Ingjaldssyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 7. júní f. á., var hinn ákærði, sem er fæddur 19. ágúst 1876, dæmdur samkvæmt 200. gr. alm. hegningarlaga í einfalt fangelsi í 14 daga eða til vara í 20 króna sekt til landssjóðs, svo og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað. En þessum dómi er af hlutadeigandi amtmanni skotið til yfirdómsins.

Atvik máls þessa eru þau, að kvöldið 8. jan. f. á. var haldin jólabrenna hjá Valhúsinu á Sel-tjarnarnesi og var margt fólk þar saman komið við brennuna. Ákærði kom þangað einnig og hafði með sjer byssu, sem hann hafði fengið lánaða hjá húsmanni nokkrum á sama bæ og hann var. Var húsmadurinn búinn að hláða byssuna,

áður hann fjekk ákærða hana, og var það gjört á vanalegan hátt, að því maður þessi hefir boríð, nema hvað hann ljet salt í byssuna, eptir að hann hafði hlaðið hana púðri, til þess skotið yrði hvellmeira, og var það á vitund ákærða, að salt var látið í byssuna. Ákærði fór síðan með byssuna til brennunnar. Þar ætlaði ákærði að hleypa skotinu úr byssunni og gekk með hana svo, að hann benti henni beint fram undan sjer og hjelt um bóginn, en skotið reið þá af, áður en hann varði, fyrir það að hann rak fótinn í þútu eða stein, er fyrir honum varð, og lenti skotið í kvennmanni, frændstúlku ákærða, er þar var rjett hjá, en sem ákærði eigi sá í myrkrinu, og særðist hún til ólífis og andaðist daginn eptir. Þó að ákærði, eins og verjandi hans í hjeradi hefur boríð fram, eigi hafi haft hugmynd um að skotið í byssunni gæti orðið að meini, þá virðist hann að eins hafa byggt slikt á lauslegri ímyndun sjálfs sín, og verður það því að teljast hegningarvert athugaleysi at honum, er hann bar byssuna al-eða hálfuppdregna, á þann hátt er áður er frá skýrt, þar sem hann mátti eiga von fólks hvervetna rjett hjá sjer við brennuna, þótt hann sæi það ekki í myrkrinu, sem þar var. Það ber þannig að fallast á það, að undirdómarinn hefur dæmt ákærða til refsingar samkvæmt 200. gr. almennra hegningarlaga og þykir refsingin hæfilega ákvedin 20 kr. sekt eða til vara 6 daga einfalt fangelsi. Svo ber ákærða og að greiða allan kostnað málsins bæði í hjeradi og fyrir yfirdómi, þar með tal-

in málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Við meðferð málsins í hjeradi er þetta at-
hugavert:

1. Undirdómarinn hefur eigi látið lækni gjöra líkskodun á kvennmanni þeim, er ljezt af byssu-
skotinu, og í málinu er ekki fram komið læknisálit um áverka þann, er hún varð fyrir, og dauðdaga hennar. 2. Frá því dómur var kveðinn upp í málinu í hjeradi og þangað til áfrýjunarstefna
amtsins er útgefin, hafa liðið 4 mánuðir, án þess dómarinn hafi gjört grein fyrir, hvornig á þessum mikla drætti standi. 3. Í forsendum undirrjettar-
dómsins er eigi hið lögskipaða vottorð um rekstur málsins í hjeradi samkvæmt tilsk. 3. júní 1796, § 35, og í dómsniðurlagið vantar terminus execu-
tionis. 4. Svo hefur undirdómarinn dæmt ákærða »til að sæta 14 daga einföldu fangelsi eða greiða 20 kr. sekt«, sem er fullkomin lögleysa. Fyrir þessa galla á meðferð málsins verður að víta hjer-
aðsdómarann, en það þykir eigi næg ástæða til að láta hann sæta sektum fyrir þá. Það vottast, að málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Pjetur Ingjaldsson greiði 20 króna sekt til landssjóðs eða sæti 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi öll greidd í ákveð-
inn tíma. Svo greiði ákærði og allan af mál-
inu leiðandi kostnað, bæði í hjeradi og fyrir

yfirdómi, þar með talin málflytningu- og sök-
anda og verjanda við yfirdóminn, cand. jur.
Hannesar Thorsteinson, og yfirjettarmálaflut-
ningsmanns Gísla Ísleifssonar, 10 kr. til hvors
þeirra. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna
frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-
aðför.

Mánudaginn 15. marzmán.

Nr. 4/1897:

Rjettvísín

gegn

Guðjóni Arnbjarnarsyni.

D ó m u r :

Hinn ákærði Guðjón Arnbjarnarson, sem kom-
inn er yfir lögaldur sakamanna og hefur eigi áð-
ur verið dæmdur eða sætt refsingu fyrir nokkurn
glæp, er í máli þessu sakadur fyrir að hafa ó-
hlýðnæzt lögætri skipun sveitarstjórnar og fyrir
að hafa borið upp fyrir amtmanninum í suduramt-
inu bersýnilega ranga kæru yfir hreppsnefndinni í
Landmannahreppi, og var hann fyrir afbrot þessi
dæmdur af aukarjetti Rangárvallasýslu hinn 17.
sept. f. á. til að sæta 3×5 daga fangelsi við vatn
og braud með skýrskotun til laga nr. 20, 4. nóv.
1887, 6. gr., sbr. 5. gr., og almennra hegningar-
laga 25. júní 1869, 228. gr., og auk þess var hon-
um með dóminum gjört að greiða allan löglegan
kostnað sakarinnar; en þessum dómi hefur hlutað-